

Fimmtudaginn 8. mars 1979.

Nr. 34/1979. Seltjarnarneskaupstaður
 gegn
Steindóri Árnasyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili, Seltjarnarneskaupstaður, hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1978. Hann krefst þess, að frávísunardómur bæjarþings Seltjarnarness 19. desember 1978 verði úr gildi felldur að því er varðar aðalsök í héraði og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja, Steindórs Árnasonar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í sama lagaákvæði og fyrr getur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1978. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur að því er varðar gagnsök í héraði og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Jafnframt er krafist staðfestingar héraðsdóms um frávísun aðalsakar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 21. febrúar 1979.

Eftir dómtöku máls þessa neytti héraðsdómari heimildar 120. gr. laga nr. 85/1936 til að endurupptaka það. Gaf hann aðiljum kost á að afla nánari gagna um verðmæti eigna varnaraðilja, þeirra, er taldar voru hafa farið forgörðum, er eldur var lagður í hæsnahús hans. Er frá því greint í héraðsdómi, hverra nýrra gagna var aflað af þessu tilefni svo og frá málflutningsyfirlýsingu af hálfu varnaraðilja um það, að nánari gagna um fjárhæð skaðabótakröfunnar teldi hann ekki gerlegt að afla.

Í aðalsök í héraði krefur sóknaraðili varnaraðilja um endurgreiðslu á kostnaði við eyðingu hæsnahússins, en hún er

talin hafa farið fram samkvæmt heimild í heilbrigðislöggjöf. Þykir það ekki eiga að standa í vegi fyrir efnisdómi um kröfu þessa, að glögg gögn kunni að skorta um verðmæti hæsnahússins, sérstaklega ef haft er í huga það, sem áður var greint um endurupptöku málsins og gagnaöflun að ábendingu dómara. Verður héraðsdómari að meta það, hvor aðilja eigi að bera halla af ófullkomnum upplýsingum um verðmæti hússins, ef og að því leyti sem verðmæti þess verður talið skipta máli um fjárkröfu sóknaraðilja.

Í gagnsök í héraði gerir varnaraðili skaðabótakröfu í 4 liðum. Af því, sem fram er komið um málsástæður aðilja, verður ekki séð, að sérstaklega hafi þurft að taka afstöðu til lóðarréttinda varnaraðilja, þegar fjallað var um 1. kröfulið gagnsakar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem áður er greint um endurupptöku málsins eftir dómtöku, gagnaöflun af því tilefni og framkomna málflutningsyfirlýsingu um vandkvæði á frekari gagnaöflun, var héraðsdómara eigi rétt að vísa gagnkröfum þessum í heild sjálfkrafa frá dómi, svo sem hann gerði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 19. desember 1978.

1.0.

Mál þetta, sem var dómtekið 15. þ. m., hefur Benedikt Sveinsson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir hönd Seltjarnarneskaupstaðar á hendur Steindóri Árnasyni, Öldugötu 53, Reykjavík, á bæjarþingi 14. desember 1976, þar sem mætt var af hálfu stefnda og fyrirtaka málsins samþykkt.

Málið er höfðað til greiðslu kostnaðar vegna eyðingar á hæsnahúsi auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Aðalstefndi hefur höfðað gagnsök með sama hætti og aðalsök var höfðuð á bæjarþingi 22. mars 1977 til heimtu bóta fyrir verðmæti, sem eyddust í bruna 7. ágúst 1976, sem staðið var fyrir af hálfu aðalstefnanda.

2.0.

Gagnstefnandi átti hæsnahús í landi Nýjahæjar við götuna Sefgarða, Seltjarnarneskaupstað, sem hann hafði leigt Ingólfi nokkrum Hannessyni undir hæsnabú. Um mánaðamótin nóvember-desember 1975 virðist hafa verið brotist inn í húsið um glugga og síðan margsinnis fram á annan í jólum og unnar skemmdir á húsinu, rúður brotnar og þannig búið um brynn-ingartæki, að vatn flóði úr þeim um hæsnastíurnar. Þótt reynt væri að byrgja glugga, sem rúður höfðu verið brotnar í, virðast rottur hafa komist í húsið á þessu tímabili. Um vorið 1976 endurtóku sig líkir atburðir. Kvartað var frá nálægum húsum yfir rottugangi, og varð það að ráði um miðjan júní 1976, að hæsnin yrðu flutt úr húsinu. Þetta var rætt í heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 22. júní 1976, og var ákveðið, að formaður nefndarinnar kynnti sér málavexti. Skúli Júlíusson, formaður nefndarinnar, tilkynnti gagnstefnanda með bréfi 22. júní 1976, að nefndinni hefðu borist kvartanir vegna óþrifnaðar og rottugangs í og við hæsnahúsið og óskaði eftir skoðun á húsinu. Skoðun þessi fór síðan fram 25. júní 1976, og tóku þátt í henni Skúli Júlíusson, Ingimundur K. Helgason lögregluvarðstjóri, gagnstefnandi og leigutaki hans. Um miðjan júlí höfðu hæsnin verið flutt úr húsinu. Þann 24. júlí brutust þeir piltar inn í húsið og unnu á því skemmdarverk, m. a. brutu þeir útvegg í húsinu, tvöfaldan asbestvegg og burðarstöðir. Á tímabilinu 26. júlí til 4. ágúst var dreift 52 kg af rottueitri í hæsnahúsinu, og hafði það þau áhrif, að fjöldi af rottuhræjum lá eftir í hæsnahúsinu og nágreppi þess. Var gripið til þess ráðs að láta standa vörð við húsið af heilbrigðisástæðum. Þann 5. ágúst 1976 hófst stefnandi handa um að gera við húsið. Þann 6. ágúst gengu þeir á vettvang Jóhannes Long, heilbrigðisfulltrúi í Reykjavík, Ingimundur K. Helgason varðstjóri og Ásmundur Reykdal meindýraeyðir. Þann sama dag skrifaði heilbrigðisfulltrúinn skýrslu um athuganir

þeirra, og bæjarfógeti ritaði heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar bréf, þar sem segir:

„Hér með sendist heilbrigðisnefnd Seltjarnarnesskaupstaðar til athugunar og viðeigandi meðferðar skýrsla lögreglunnar á Seltjarnarnesi, ásamt skýrslu rannsóknarlögreglu, ljósriti af skýrslu meindýraeyðis, ásamt myndaspjaldi, varðandi ásigkomulag hæsnahúss Steindórs Árnasonar við Sefgarða á Seltjarnarnesi, óþrif þar og rottugagn, en nauðsyn er talin á skjótum aðgerðum. Ljósrit af skýrslu Jóhannesar Long, heilbrigðisfulltrúa, dagsett í dag, varðandi þetta mál, fylgir.“

Einungis var einn nefndarmanna heilbrigðisnefndar, Gunnlaugur Árnason, viðlátin á þessum tíma, og kom Ingimundur K. Helgason varðstjóri bréfi þessu ásamt meðfylgjandi gögnum til hans. Bæjarstjóri var í sumarfrí á þessum tíma, og leitaði Gunnlaugur til Magnúsar Erlendssonar, forseta bæjarstjórnar. Báru þeir síðan ráð sín saman Magnús, Gunnlaugur og Ingimundur og höfðu samráð við meiri hluta bæjarstjórnar. Niðurstaðan af umræðum þessum varð sú, að hæsnahúsið skyldi brennt og jafnað yfir lóðina með jarðvegi. Ingimundur hafði samband við slökkviliðið í Reykjavík, sem annast brunaútköll á Seltjarnarnesi, og bað um aðstoð. Klukkan 0930 þann 7. ágúst 1976 lagði slökkviliðið af stað á vettvang. Kl. 1025 var gagnstefnanda sent símkeyti, undirritað af forseta bæjarstjórnar f. h. bæjaryfirvalda, um, að hæsnakofar hans við Sefgarða yrðu eyddir með eldi þann dag sökum geysilegrar smithættu af eitri og rottumaur. Þennan dag var húsið brennt ásamt öllu því, sem í því var, rústirnar fjarlægðar og jarðvegi jafnað yfir lóðina.

Á fundi bæjarstjórnar 8. september 1976 var gerð svofelld ályktun: „Bæjarstjórn staðfestir aðgerðir lögreglu og heilbrigðisyfirvalda varðandi hæsnakofa Steindórs Árnasonar í landi Nýjabæjar, en aðgerðir þessar voru framkvæmdar 7. þ. m. Skýrslur frá lögreglu og heilbrigðisyfirvöldum liggja fyrir hjá skrifstofu bæjarstjóra.“ Næsta dag sendi aðalstefnandi gagnstefnanda reikning, en hann hafði áður, í skeyti dags. 17. ágúst, áskilið sér allan rétt á hendur bæjarstjórn í sambandi við brunann.

3.0.

KRÖFUR, MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Af hálfu aðalstefnanda er þess krafist í aðalsök, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda 384.657 krónur auk 13% ársvaxta frá 7.

ágúst 1976 til 21. nóv. 1977, en 16% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu aðalstefnda er krafist sýknu í aðalsök og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Í gagnsök er þess krafist af hálfu gagnstefnanda, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3.807.000 með 13% ársvöxtum frá 7. ágúst 1976 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í gagnsök er þess krafist af hálfu gagnstefnda, að hann verði sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda.

Aðalkrafan sundurliðast þannig:

- | | |
|---|------------|
| 1. Brunavarsla | kr. 35.156 |
| 2. Ýting og jöfnun | — 92.421 |
| 3. Brottflutningur á brunarústum o. fl. . . | — 257.080 |

Samtals kr. 384.657

Gagnsökkin sundurliðast þannig:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Hús | kr. 2.953.000 |
| 2. Lausafé ýmislegt | — 500.000 |
| 3. Miðstöðvarlögn og brynningartæki . . | — 290.000 |
| 4. Hænsnatað | — 64.000 |

Samtals kr. 3.807.000

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að heilbrigðisyfirvöldum hafi verið stjórnarfarslega heimilt að brenna hús gagnstefnanda á hans kostnað, um hafi verið að ræða ólögmaett ástand og grófa sök og vanrækslu af hálfu gagnstefnanda á þeirri skyldu að halda húsum sínum lausum við meindýr, stefnanda (sic) hafi ekki aðeins borið að bera kostnað af eyðingu hússins, heldur einnig að þola hana bótalaust. Af hálfu aðalstefnanda er í þessu efni vitnað í 2. mgr. 17. gr., 5. tl. 10. gr. laga 12/1969 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, eftirtalin ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, sbr. 9. gr. nefndra laga: 26. gr., einkum 11. og 12. tl., 27. gr., 28. gr., einkum 1. tl., 3. tl. 40. gr., 1. tl. 45. gr., 78. gr., 79. gr., 80. gr., einkum 1. tl., 82. gr., einkum 1. tl., og 161. gr., einkum 2. tl., svo og 1. og 3. mgr. 29. gr. heilbrigðissamþykktar

fyrir Seltjarnarneshrepp nr. 59/1961, sbr. 19. gr. laga 12/1969 og 2. tl. 213. gr. reglugerðar nr. 45/1972. Þá hefur af hálfu aðalstefnanda verið vísað til grunnreglna grenndarréttar og því haldið fram, að brýnir almannahagsmunir hafi knúið á um skjótar aðgerðir.

Af hálfu gagnstefnanda er því aðallega haldið fram, að ekki hafi verið tekin lögleg ákvörðun um brennuna, heilbrigðisnefnd hafi engin fyrirmæli gefið, en til vara, þótt lítið yrði svo á, að slík ákvörðun hefði verið tekin, að sú ákvörðun sé þá haldin formlegum og efnislegum annmörkum. Því er haldið fram, að slíka ákvörðun skorti stoð í lögum, að heilbrigðisnefnd hafi ekki vald til eyðingar slíkra verðmæta, að um hafi verið að ræða brot á meginreglum um stjórnvaldsákvarðanir og framkvæmd þeirra og ekki hafi verið gætt réttra aðferða. Fyrst hefði orðið að taka málið til meðferðar í heilbrigðisnefnd, síðan hefði átt að gefa aðilja kost á að skýra málið frá sínu sjónarmiði og loks hefði átt að leita úrlausnar dómstóla samkvæmt reglum laga um brott-nám ólögsmæts ástands. Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið gætt réttra stjórnvaldssjónarmiða og með brennunni hafi gagnstefnanda verið valdið tjóni á ólögsmætan og bótaskyldan hátt; ekkert tilefni, sem undanþiggi bótaábyrgð, hafi verið til, að húsinu var eytt. Þá hefur verið látið að því liggja, að annarleg sjónarmið hafi ráðið ákvörðun bæjaryfirvalda, en af hálfu bæjaryfirvalda er þeirri málsástæðu harðlega mótmælt.

Af hálfu gagnstefnda er kröfum gagnstefnanda mótmælt til vara sem allt of háum, af gögnum málsins verði ráðið, að húsið hafi verið mjög lítils virði, bæði vegna aldurs, viðhaldsskorts og skemmdarverka, sem á því höfðu verið unnin. Því er haldið fram, að þau verðmæti, sem talin eru undir lið 2 í sundurliðuninni, séu annað hvort hluti fasteignarinnar eða fylgifé hennar, en efamál sé, hvort sumir af þessum hlutum hafi nokkurt verðgildi eða þeir hafi yfir höfuð verið í húsinu. Varðandi verðmæti í lið 3 er því haldið fram, að um sé að ræða hluta fasteignarinnar, auk þess sem ósannað sé með öllu, að verðmæti þessi hafi verið til staðar. Lið 4 er mótmælt sem allt of háum, enda hafi hænsnataðið verið með öllu óhæft til notkunar sem áburður á gróður, eftir að eitri hafði verið dreift í það. Af hálfu gagnstefnanda er áhersla lögð á, að gagnstefndi hafi komið í veg fyrir, að upplýst yrði um verðmæti þessi með eyðingu þeirra og af þeim sökum hljóti sönnunarbyrðin að hvíla á honum um, að þau séu minna virði en fram er haldið af hálfu gagnstefnanda.

4.0.

Í málinu hafa komið fram ýmis gögn varðandi verðmæti þess, sem eyðilagðist í brunanum. Kvittun fyrir greiðslu brunabótaiðgjalds, þar sem fram kemur, að vátryggingarféjárhæð sé 2.953.000 krónur (mun hér vera um að ræða virðingarverð ársins 1975), virðingargerð Brunabótafélagsins frá 29. október 1955, bréf Brunabótafélags Íslands til lögmanns gagnstefnanda, dags. 3. mars 1977, þar sem fram kemur, að húsið hafi verið fellt úr tryggingu frá og með 15. okt. 1975, þar sem ástand þess hafi verið það lélegt að dómi matsmanna, að það hafi ekki verið talið tryggingarhæft, bréf félagsins til lögmannsins, dags. 11. maí 1978 um sama efni, ljósrit úr fasteignamatsbók, sem sögð er vera frá 1970, þar sem verð hæsnahússins er talið 193.000 krónur, en verðmæti lóðar 200.000 krónur, og kaupsamningur, dags. 12. maí 1954, þar sem fram kemur, að gagnstefnandi hefur ásamt öðrum manni keypt hæsnabú við Nýjabæ fyrir 88.000 krónur ásamt áhöldum fyrir 8.000 krónur. Ekki er getið um lóðarréttindi í þessum samningi. Þá hefur verið lagður fram lóðarleigusamningur milli gagnstefnanda og eiginkonu hans annars vegar og Sigurgeirs Áskelssonar hins vegar frá 19. apríl 1972, þar sem leigt er hæsnahús við Nýjabæ í Seltjarnarneshreppi ásamt eignarlóð, meðfylgjandi fóðurgeymslu og áhöldum öllum, sem húsinu fylgja, frá 1. apríl 1972 til 1. apríl 1980, leigan er ákveðin 8.000 krónur á mánuði, samningur um heimtaug hitaveitu frá 12. apríl 1972, framsal Ingólfs Hannessonar, dags. 18. mars 1977, á bótakröfu til gagnstefnanda, þar sem fram kemur, að hann telur miðstöðvarlögn, sem hann átti í húsinu, ásamt sjálfvirkum hitastillum að verðmæti u. þ. b. 250.000 krónur og brynningartæki fyrir hænsni í 10 stíum að verðmæti 40.000 krónur, listi yfir lausafé, sem talið er hafa farið forgörðum í brunanum, í 74 liðum (í skjali þessu eru engar verðtilgreiningar og þess getið, að margt fleira hafi verið í húsunum), lögregluskýrslur, þar sem fram koma upplýsingar um ástand hússins, áður en það var brennt, og skemmdir á því, skýrslur heilbrigðisfulltrúa og meindýraeyðis, þar sem fram koma upplýsingar um þessi efni, og skrifleg aðiljaskýrsla gagnstefnanda, þar sem lítillega er vikið að þessum atriðum. Þá hafa farið fram mjög viðtækar aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur, þar sem málið hefur skýrst að nokkru.

Eftir að málið hafði verið dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 16. nóvember sl., var það endurupptekið samkvæmt

20. gr. laga 85/1936 þann 15. þ. m. og aðiljum gefinn kostur á að koma að frekari upplýsingum um meint tjón gagnstefnanda. Lögmaður gagnstefnanda lýsti því þá yfir, að þar sem sambærilegir munir við það lausafé, sem krafist sé bóta fyrir, séu nú ekki á almennum markaði, sé ekki fært að upplýsa um gangverð þeirra. Lagður var fram uppdráttur af hæsnahúsinu og hússkipan, gerður 14. desember 1978 samkvæmt upplýsingum gagnstefnanda, og gagnstefnandi kom fyrir dóminn og gaf aðilja-skýrslu.

Þrátt fyrir þessa viðtæku gagnaöflun hefur m. a. ekkert komið fram um gildi hæsnataðs sem verslunarvöru, og það þótt allhá krafa sé gerð um bætur fyrir það, og ekkert hefur verið upplýst um gangverð. Ekkert hefur komið fram um það, hvort vatn og eitur kunni að hafa rýrt verðgildi þess. Upptalning lausafjár þess, sem krafist er bóta fyrir, er ekki tæmandi. Engin tilraun hefur verið gerð til að gera grein fyrir verðgildi einstakra muna. Þrátt fyrir yfirlýsingu lögmanns gagnstefnanda verður að telja, að hægt hefði verið að veita dómnum upplýsingar um verðmæti sambærilegra muna á almennum markaði og auðvelda þannig starf dómsins. Meðal lausafjármuna eru taldir munir, sem ætla má að innifaldir séu í fasteignamati og a. m. k. að nokkru leyti í brunabótamati. Ekki virðist loku fyrir það skotið, að afla hefði mátt álitsgerðar sérfróðra manna, sem að gagni hefði komið, um verðmæti hins brennda á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja og mátt hefði afla.

Eins og fram kemur í leigusamningnum frá 19. apríl 1972, telur gagnstefnandi sig þar vera að leigja hús ásamt eignarlóð, en í skjali, sem undirritað er af Magnúsi Erlendssyni, forseta bæjarstjórnar, dags. 13. mars 1975, virðist koma fram, að ágreiningur hafi verið á þeim tíma á milli eiganda Nýjabæjar og gagnstefnanda og eiginkonu hans um lóðarréttindi og að gagnstefnandi hafi á þeim tíma ekki haft afsal fyrir henni. Fram kemur í skjali þessu, að forseti bæjarstjórnar telur, að ágreiningur um þessi efni geti leitt til dómsmáls, og í bréfi bæjarstjóra, dagsettu 28. júní 1974, er gagnstefnanda vísað á lögmann eiganda Nýjabæjar varðandi kröfu um brottflutning á húsi gagnstefnanda. Í skýrslu Magnúsar Erlendssonar hér fyrir dómi kemur fram, að ástæðan til, að hann skrifaði skjal þetta, hafi verið sú, að hann hafi vitað, að Snæbjörn Ásgeirsson, sem mun hafa verið eigandi Nýjabæjar, og gagnstefnandi áttu í erfiðleikum með að leiða mál

sín til lykta, en að hann hafi talið, að hann gæti hjálpað til að leysa málið með því að láta skjal þetta í hendur gagnstefnanda og bjóðast til að miðla málum.

Af þessum gögnum virðist mega ráða, að einhver óvissa hafi verið um lóðarréttindi gagnstefnanda, en fullnægjandi vitneskju vantar um réttindi þessi. Það virðist geta skipt verulegu máli um mat á tjóni gagnstefnanda og jafnvel um bótaskyldu gagnstefnda, hvernig þessum réttindum var háttað, hvort gagnstefnandi mátti vænta þess, burt séð frá skipulags- og heilbrigðissjónarmiðum, að fá að hafa húsið þar, sem það var, og nýta það eða hvort rétti hans var þannig háttað, að eigandi jarðarinnar gat krafist þess, að hús hans yrði fjarlægð af lóðinni.

Eins og að framan er rakið, hefur aðiljum verið gefinn kostur á að bæta úr því, sem áfátt þykir varðandi upplýsingu málsins, og þykir þá af þeim ástæðum, sem raktar hafa verið, ekki verða komist hjá því að vísa gagnsökinni frá dómi.

Við úrlausn ágreinings aðilja í aðalsök kann að reyna á það, hvort eyðing á verðmætum aðalstefnda sé þess eðlis, að honum beri að þola hana bótalaust og greiða kostnað við hana samkvæmt fyrirmælum heilbrigðislöggjafarinnar, eða hvort um er að ræða eignarskerðingu, sem fullt verð á að koma fyrir, sbr. 9. og 10. gr. laga 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, sbr. einkum 11. og 12. tl. 26. gr. reglugerðarinnar, 1.—3. tl. 76. gr. (sic), 1. tl. 79. gr., 2. tl. 79. gr., II. kafla reglugerðarinnar, einkum 3. tl. 40. gr., 2. tl. 42. gr., 1. tl. 45. gr., 2. tl. 161. gr., og 3. tl. 164. gr., enn fremur 2. mgr. 17. gr. og 19. gr. laga 12/1969, 4. og 5. tl. 210. gr. reglugerðar 45/1972 og 2. tl. 213. gr. sömu reglugerðar, 29. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 59/1961, 1.—3. gr. laga 27/1945 og 67. gr. stjórnskipunarлага nr. 33/1944.

Við úrlausn þessa álitaefnis kann það að varða miklu, hvort hagsmunir aðalstefnda, sem tengdir voru við húseign hans, námu jafnvel milljónum króna, eins og haldið er fram af hans hálfu, eða hvort einungis var um að ræða verðmæti þess efnis, sem í húsunum var, verðmæti, sem ef til vill hefði ekki hrokkið til að mæta kostnaði við niðurrif og brotnám, eins og haldið er fram af hálfu aðalstefnanda. Að svo vöxnu máli þykir einnig verða að vísa aðalsökinni frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. mars 1979.

Nr. 41/1979. **Búnaðarbanki Íslands,**
Mosfellssveit,
 gegn
Kristjáni Finnssyni og
Brynjólfi Markússyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 12. febrúar 1979, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar hinni kærðu dómsathöfn, áritun Þórhildar Línal, fulltrúa yfirborgardómara í Reykjavík, 8. febrúar 1979 á áskorunarstefnu um frávísun máls þessa frá bæjarþingi Reykjavíkur. Krefst hann þess, að hin kærða dómsathöfn verði felld úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að árita áskorunarstefnuna um aðfararhæfi fyrir stefnukröfum og málskostnaði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, svo sem heimilt er samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973.

Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður höfðaði mál þetta f. h. sóknaraðilja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, útgefinni af Þorgeiri Örlygssyni, fulltrúa